



Landssamband æskulýðsfélaga

16. fundur framkvæmdastjórnar 2008 – 2009

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

27. mars 2009

Mættir: Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS), Sindri Snær Einarsson (SSE), Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) og Rakel Brynjólfsdóttir (RB). Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri fundinn.

Fundur settur: 11:01

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð s.l. fundar lesin upp og samþykkt

JPS fór yfir fundargerð síðasta fundar.

HTF sagði frá pósti frá PBM um að stúdent við HÍ væri að gera könnun meðal tveggja sjálfboðaliðasamtaka um mikilvægi sjálfboðins starf í launaðri vinnu.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

2. Fundartími stjórnar LÆF

Næsti fundur er áætlaður 17. apríl n.k. kl. 11:00 nema komi í ljós að ekki verði nægileg mæting.

3. Framkvæmdastjóri LÆF

HTF sagði frá því að hún hafi fundað með starfsmönnum SEEDs. Fundurinn var góður og mikill áhugi á LÆF innan SEEDs.

HTF sagði frá því að heimasíðan hefði verið uppfærð að nokkur leiti meðal annars lógó auglýsenda og fleira. JPS bað um að athugað yrði hvort hægt væri að láta lógó aðildarfélag rúlla á forsíðunni. HTF falið að kanna þá möguleika hjá Stefnu.

HTF sagði að ekki væri komið uppkast af spurningarkönnun fyrir aðildarfélag og ekkert væri búið að vinna áfram hugmyndir um æskulýðsmiðstöð né verkefnið um átak meðal atvinnurekenda um viðurkenningu sjálfboðsstarfs.

4. Laganefnd LÆF

Enginn breyting enn í laganefnd. Það vantar enn einn aðila. RB kannar í sínu félagi hvort einhver er áhugasamur. Annars var ákveðið að athuga hvort Davíð Örn Sveinbjarnarson fyrrverandi stjórnarmaður LÆF hefði áhuga á að vera með í nefndinni.

5. Alþjóðamál

PBM sagði frá því að næsti Comem fundur YFJ verði í Brussel dagana 8. og 9. maí n.k. LÆF á einn fulltrúa á fundinum. PBM lagði til að HTF myndi sækja fundinn fyrir hönd LÆF og var það samþykkt.

PBM sagði frá því að hún hefði áhuga á að sækja svokallað Contact making seminar á vegum YFJ í Georgíu í lok apríl. Enginn kostnaður fylgir ferðinni fyrir LÆF. Stjórn samþykk því að PBM fari á ráðstefnuna eigi hún þess kost.

PBM sagði frá ráðstefnu í júní um PR mál og lobbýisma. Ákveðið að auglýsa hana á póstlista.

HTF sagði frá því að Lijot hefði lýst mikilli ánægju með skýrslu LÆF um starfsemi sína fyrir NBCM.

HTF sagði frá því að hún hefði loksins komist í samband við rétta aðila í Menntamálaráðuneyti vegna ráðstefnu YFJ og Evrópuráðsins hér á landi í lok maí.

HTF spurði hvort stjórnarmenn hefðu áhuga á að hún áframsendi póstlista YFJ til þeirra. PBM fær hann nú þegar. Allir stjórnarmenn voru áhugasamir um að fá póstlistann sendan.

6. Sambandsþing LÆF

HTF sagði frá því að bókhaldið væri ekki tilbúið eins og áætlað var en von væri á því í næstu viku.

HTF lagði fram tillögu að erindisbréfi fyrir kjörnefnd LÆF. Erindsbréfið var samþykkt.

7. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

HTF sagði frá því að bréf hafi borist frá rússenskum samtökum um samstarfsaðila í verkefni sem styrkt verður af Norrænaráði. HTF hafði þegar svarað bréfinu þess efnis að LÆF myndi auglýsa verkefnið á póstlista sínum og bent viðkomandi samtökum á heimasíðu LÆF til að skoða aðildarfélög okkar og starfsemi þeirra. Viðkomandi hafði samband við flest aðildarfélög okkar og lofaði að láta HTF vita ef eitthvert aðildarfélaga svaraði og hefði hug á verkefninu.

8. Önnur mál

- a) SSE lagði til að LÆF sendi út tilkynningu varðandi atvinnumál ungs fólks í sumar. Benti hann á að ýmis úrræði væru í boði og góð hugmynd að LÆF safnaði þessum úrræðum saman. Nokkur umræða var um þessi mál og ákveðið að LÆF myndi senda út tilkynningu eftir páska um þessi mál þar sem áhresla væri lögð á mikilvægi þess að ungt fólk missti ekki félagsleg tengsl sín þó enga vinnu væri að fá auk þess sem aðildarfélög og önnur æskulýðsfélög væru hvött til að bjóða upp á úrræði.
- b) PBM spurði um gang á HRE. HTF svaraði því að enn hefði ekkert heyrst frá Mannréttindaskrifstofu.
- c) HTF sagði frá því að hún yrði í fríi í dimbilvikunni, 30. apríl og 4.-6. maí. Auk þess að hún myndi taka sumarfrí frá 29. júní til 4. ágúst.
- d) Rætt var um frest til að skila inn umsóknum til fjárlaganefndar en sá frestur er nokkuð óljós vegna komandi kosninga. Rætt var um mikilvæg þess að LÆF hefði skýra stefnu áður en umsókn yrði lögð inn.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 11:50

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz